

Reykjavíkurborg
Skrifstofa skipulags- og byggingarsviðs
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
- 6. sep. 2010 10. 4. 3	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. september 2010
Tilvísun: UST20100500120/ksj

Reykjavíkurlflugvöllur, breyting á deiliskipulagi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar er barst 25. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurlflugvallar vegna samgöngumiðstöðvar.

Breyting á deiliskipulagi Reykjavíkurlflugvallar fyrir samgöngumiðstöð er háð lögum um umhverfismat áætlana skv. 3. gr. laga nr. 105/2006 þar sem samgöngumiðstöð er tilkynningaskyld framkvæmd skv. tl. 10.a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Deiliskipulagssvæðið er á flugvallargeira 1 á svæði þar sem skipulagi var frestað á samþykktu deiliskipulagi Reykjavíkurlflugvallar. Tillagan felur í sér skilgreiningu á 7,12 ha lóð fyrir samgöngumiðstöð á reit norðan Loftleiðasvæðis. Skipulagssvæðið afmarkast af Nauthólsvegi til austurs, Loftleiðasvæðinu til suðurs, Hringbraut til norðurs og flugvallarsvæðinu til vesturs.

Gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir samgöngumiðstöð á einni hæð allt að 3.700 m² ásamt bílskýli sem verður að hluta til undir samgöngumiðstöðinni.

Grunnvatn

Umhverfisstofnun bendir á að í skýrslu Verkfræðistofunnar Vatnaskila um grunnvatn á vatnasviði Reykjavíkurlflugvallar (mars 1996) kemur fram að grunnvatnsstraumur liggur ofan úr Öskjuhlíð, í gegnum svæðið þar sem fyrirhuguð er uppbygging á Hlíðarenda og áfram gegnum skipulagssvæði samgöngumiðstöðvar og til Reykjavíkurtjarnar. Reiknuð meðalhæð grunnvatns er rétt rúmlega 10 m y.s.

Umhverfisstofnun bendir á að Tjörninn og Vatnsmýrin eru á náttúruminjaskrá (nr. 120). Í skránni segir um svæðið: „Tjörninn og Vatnsmýrin, Reykjavík. (1) Tjarnir allar með hólum og bökkum. Vatnsmýrin milli Hringbrautar, Norræna hússins og Háskólavallar, sem nú er bílastæði. (2) Mikið fuglalíf, varpland í miðri borg. Vinsælt útivistarsvæði.”

Umhverfisstofnun bendir á að nauðsynlegt er að framkvæmdirnar skerði ekki vatnsbúskap Vatnsmýrinnar og Tjarnarinnar og að lífríki svæðisins verði áfram tryggt. Nauðsynlegt er að tryggt verði áfram nægilegt grunnvatnsstreymi til Reykjavíkurtjarnar. Á framkvæmdatíma er nauðsynlegt að gæta að hugsanlegum mengunarvöldum t.d. olíum, til að lágmarka hugsanleg neikvæð áhrif á framangreint svæði.


Hljóðvist


Í umfjöllun um hljóðvist í umhverfisskýrslu kemur fram að vegna áhrifa væntanlegrar samgöngumiðstöðvar á hljóðvist á uppbyggingasvæði sem fyrirhugað er á Hlíðarenda og á Loftleiðasvæðinu séu gerðar kröfur um 3 metra háar manir á lóðarmörkum flugvallarsvæðis og Nauthólsvegar. Að mati Umhverfisstofnunar eru það miklar mótvægisáðgerðir að áætla 3 metra háar manir, þar sem verið er að verja hljóðvist væntanlegrar byggðar en ekki nú þegar byggð svæði. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að færa byggingarreiti væntanlegra íbúðarhúsa sem verða austar á svæðinu, enn lengra frá samgöngumiðstöðvarsvæði svo ekki verði þörf svo hárra mana vegna hljóðvistar.

Samantekt

Umhverfisstofnun tekur undir að veigamest er óvissa um grunnvatn og áhrif á rennsli þess. Eins og fram hefur komið er að mati stofnunarinnar nauðsynlegt að væntanlegar framkvæmdir skerði ekki vatnsbúskap Vatnsmýrarinnar og Tjarnarinnar og mikilvægt að lífríki svæðisins verði tryggt. Umhverfisstofnun tekur undir að nauðsynlegt sé að nánari athuganir á áhrifum væntanlegra framkvæmda á grunnvatn fari fram.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun